

Reglur

um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum og um meðferð á fje og hestum að ýmsu leyti.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 34, 3. nóvember 1915, um dýraverndun, eru settar eftirfarandi reglur um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum og um meðferð á fje og hestum að ýmsu leyti.

1. gr.

Þá er sauðfje og stórgripum er slátrað, skal þess gætt, að ein skepnan horfi eigi á slátrun annarar.

2. gr.

Hesta, nautgripi og sauðfje skal deyða með þartil gerðu skotvopni. Þegar sjerstaklega stendur á, veitir stjórnarráðið, ef því þykir þurfa, leyfi til deyðingar á annan hátt.

3. gr.

Eigi mega aðrir deyða en fullorðnir menn og samviskusamir.

4. gr.

Þá er peningur er fluttur til slátrunar eða til útflutnings, skal það gert með fullri nærgætni. Hesta skal járna, þegar þeir fara úr heimahögum.

5. gr.

Þegar kálfar eða sauðkindur eru flutt á vögnum, skal nægilegt hey látið undir skepnurnar, svo að þær eigi meiðist, og eigi má binda fætur skepnunnar saman með hörðum eða mjóum böndum, nje heldur binda svo fast eða láta skepnu liggja svo lengi í böndum, að fæturnir dofni. Þegar böndin eru leyst, verður skepnan að geta staðið upp þegar í stað.

6. gr.

Eigi má brúka hesta, sem eru haltir, meiddir eða svo magrir, að þeir hafa eigi fullan þrótt. Frostköld járnmejil skal verma litið eitt áður en beislað er.

7. gr.

Eigi má hnýta nokkurri skepnu í tagl á hestum.

129

17. nóv.

8. gr.

Eigi má brúka þá hesta, sem að staðaldri eru brúkaðir til aksturs alla virka daga eða á hverjum degi, lengur en 10 stundir daglega. Þá hesta má eigi brúka til útreiða.

9. gr.

Eigi má leggja á hest þyngri byrðar eða láta hann draga þyngra hlass en svo, að kröftum hans sje eigi ofboðið.

10. gr.

Leggja skal ábreiðu yfir bakið á vagnhestum, ef þeir standa kyrrir úti í köldu veðri eða í úrkomu

11. gr.

Enginn má stýra hesti og vagni, sem ekki er fullra 15 ára gamall, enda hafi honum verið kent það af æfðum ökumanni.

12. gr.

Eigi má slá hesta með öðru en þartil gerðum keyrum eða ólarsvipum. Virsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

13. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 10—1000 krónum.

14. gr.

Mál, er rísa útaf brotum gegn reglunum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Þetta er hjermeð gert heyrin kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 17. nóvember 1916.

Einar Arnórsson.

G. Sveinbjörnsson,